

AUGLÝSING**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar.**

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, er taki gildi 1. maí 1990:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 1,14%

Iðnaðarráðuneytið, 24. apríl 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

30. apríl 1990

Nr. 177

REGLUGERÐ**um jöfnunartoll á innfluttar kökur.**

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu jöfnunartoll af kökum, sem flokkast í tnr. 1904.9040 í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með áorðnum breytingum. Jöfnunartollur skal vera 66,99 kr. fyrir hvert kílógramm.

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, innheimtu, stöðvun tollafgreiðslu, lögvernd, viðurlög, refsingu og aðra framkvæmd innheimtu jöfnunartolls skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu jöfnunartolls samkvæmt reglugerð þessari og standa skil á honum til ríkissjóðs eftir þeim fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur um skil innflutningsgjalda, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 118. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi þegar í stað og skal hún gilda til 31. október 1990.

Fjármálaráðuneytið, 30. apríl 1990.

F. h. r.

Magnús Pétursson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.